

SKÝRSLUR  
FORNLEIFAVERNDAR RÍKISINS 2004



Flókatóftir á Barðaströnd  
Prufurannsókn í september 2004

Magnús A. Sigurðsson  
Kristinn Magnússon

Ljósmynd á forsíðu: Mynd 1: Horft yfir uppgraftarsvæðið.

© 2004 Fornleifavernd ríkisins/Magnús A. Sigurðsson

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Aðdragandi.....	4
Ritheimildir.....	4
Rannsókn 20. - 21. september 2004.....	8
Niðurstöður.....	12
Heimildir.....	13

### Aðdragandi

Jóhann Ásmundsson, safnstjóri Minjasafns Egils Ólafssonar, Hnjóti, hafði samband við Fornleifavernd ríkisins og lýsti yfir áhuga heimamanna á að láta rannsaka Flókatóftir. Fór hann þess á leit við Fornleifavernd ríkisins að hún tæki að sér að grafa profuskurði í Flókatóftir til að meta umfang þeirra og þó sérstaklega til að reyna að ná í profur sem hægt væri að aldursgreina. Fór undirritaður á staðinn ásamt Kristni Magnússyni, deildarstjóra hjá Fornleifavernd ríkisins og var dvalist við rannsóknir 20. og 21. september 2004.

### Ritheimildir

Í Hauksbók Landnámu er eftirfarandi frásögn:

”Þeir Flóki sigldu vestr yfir Breiðafjörð ok toku land, sem heitir Vatsfjorðr við Barðastrond... Þeir fóru brott um sumarit ok urðu síðbúnir. Þar sér enn skálatópt þeira inn frá Brjánslæk ok svá hrófit ok svá seyði þeira.” (Íslendingabók Landnámabók 1968: 39.)

1877 var Kristian Kålund á ferð um Ísland og hann skoðaði Flókatóftir. Lýsti hann aðstæðum á eftirfarandi hátt:

”De ere 4-5 i tallet, men til dels temlig uklare; nærmest søern står en lille firkanted tomt kun et par favne lang; noget højere, skrås ind fra denne, er et par langagtig-spidsse under en vinkel sammenstødende tomter, som man måske snarest kunde ansé for ”naust”, hvis de ikke lå forholdsvis langt fra kysten; endnu lidt længere inde (mod nord), men ikke slet så højt oppe, er to samenbyggede tomter, hver omtrent 4 fv. I diam., med åbning ned imod kysten. Hovedtomten er en langagtig firkanted tomt (9 fv. lang) stående noget oven for de andre og nordligere end disse; den ligger fra øst til vest, og indgangen har rimeligvis været med øst, ned mod kysten.” (Kristian Kålund 1985; 549.)



Mynd 2. Teikning af Flókatóftum. 1-3 eru tóftir en A-C eru profuskurðir.

Sumarið 1889 var Sigurður Vigfússon á ferð um Breiðafjörðinn við rannsóknir. Hann lýsti aðstæðum við Flókatóftir á eftirfarandi hátt:

”Fyrir innan svo kallaða Brjánslækjará, sem rennr niðr með túninu á Brjánslæk að innanverðu, gengr fram í sjóinn dálítill kletthöfði fallegr. Inn af honum myndast fögr vík,

með því að klettatangi gengr fram að norðanverðu. Upp af vík þessari og alt umhverfis hana eru eggsléttar og beinhardar grundir, en í suðvestr upp af grundinni er kletthæð mikil.” (Sigurður Vigfússon 1889; 9.)

Í kjölfarið lýsir hann 6 tóftum sem hann númerar 1-6 eins og á teikningunni hér að ofan, og furðar sig á því að Kálund segir þær bara vera 4 til 5.

Tóft 1 segir hann vera mitt á milli kletthöfðans og sjávarmálsins. Hún á að vera tvískipt, um 16 metrar (52-53 fet) að lengd utanmáls, en um 10 metrar (33 fet) að breidd, en syðri hlutinn á að vera um 9 (30 fet) að lengd en sá nyrðri um 7 metrar (23 fet). Sér enn votta fyrir henni.


Tóft 2 er litlu ofar, um 12,5 metrar (41 fet) að lengd og um 5,5 metrar (18 fet) á breidd. Eiga að hafa verið dyr á norðurgafli en tóftin er orðin mjög útlött og engin merki um hurð er að sjá.

Tóft 3 er síðan við hliðina, rúmir 8 metrar (27 fet) að lengd en ekki var hægt að sjá breiddina þar sem veggir hafa fallið saman við tóft 2.

Tóft 4 er síðan ferköntuð tóft mitt á milli tóftar 2 og kletthöfðans. Hún virðist vera utanmáls um 5,8 metrar (19 fet) á annan veginn og um 4,9 metrar (16 fet) á hinn.

### Rúst nr. 4


Kristinn Magnússon



Mynd 3. Tóft 4.

Tóft 5 er um 40 metra (24 faðma) beint upp af vikinni. Hún er mjög stór og mikil, um 22,2 metrar (73 fet) að lengd innanmáls, en Sigurður getur ekki um breiddina, en segir að mjög stór og mikill veggur sé á milli tóftar 5 og 6, sem sé um 4,5 metrar (15 fet) á breidd. Hún er opin í annan endan og nær alla leið upp að kletthöfðanum upp af flæðamálinu. Tóft 6. er síðan sambyggð við tóft 6, um 16,7 metrar (55 fet) að lengd, en nær ekki eins langt að kletthöfðanum.

## Rúst 6 Kristinn Magnússon



Mynd 4. Tóft 6.

Sigurður rannsakaði og gróf í allar 6 tóftirnar. Í tóft 1 gróf hann “allmiklar grafir” í báða hlutana. Þar fann hann vott af ösku og kolalagi í syðri hlutanum, en ekkert í nyðri hlutanum. Um þessa tóft segist hann ekki hafa neina sennilega tilgátu, en segir þó að hún virðist ekki vera eins fornleg og hinar, og að hún sé ”ekki allólík því sem sumar hoftóftir hafa reynzt,...” Í tóft 2 og 3 fann hann ekkert, hvorki mannvistar né dýraleifar. Í kjölfarið ályktaði hann að um bátanaust væri að ræða.

Í tóft 4 gróf hann allt niður í óhreyft. Þar fann hann mikið af “svartleitri og móleitri” ösku og töluvert af viðarkolabútum í botninum, í um 80 sentimetra (1¼ alin) dýpi. Segir hann að þar sjái fyrir eldsmerkjum og ályktar að þar hafi ”seiðrinn” verið sem talað er um í Hauksbók.

Í tóft 5 gróf hann 2 grafir, en fann ekkert, en ályktar að þar hafi ”hrófið” verið og á þá væntanlega við naust.

Í tóft 6 gróf hann 3 grafir, þar af eru tvær ennþá sýnilegar (sjá mynd 4). Þar fundust einu munirnir sem Sigurður fann, þ. e. brýni, ryðbútar og beinflís. Hann segist hafa fundið allstaðar mikið af viðarkolaösku og viðarkolabútum. Hann ályktar þar af leiðandi að þetta sé skálatóftin sem minnst er á í Hauksbók.

Sumarið 1895 ferðaðist Þorsteinn Erlingsson um landið og rannsakaði fornleifar, þar á meðal það sem hann kallaði Flókanaust, sem hann teiknaði og lýsti.




PLATE XLIII.—SECTIONS AND PLAN OF FLÓKANAUST.

Scale: ¼th inch to the metre.

Mynd 5. Teikning Þorsteins Erlingssonar af Flókanausti og skála. (Thorsteinn Erlingsson 1899: 87)

“Naustið sjálft (a) var aðeins 18.30m. langt, samkvæmt mínum mælingum, en var líklega upphaflega 21.35 m. Aðeins var hægt að rekja veggina að línunum *kk*. Restin var ósjáanleg en að dæma frá görðunum (the ridge) þá var stutt framhald (kannski 3.05 til 4.427 m.). Breidd

6.10 m. Veggur *b* er úr jarðvegi, og var 4 ft. (1,2m.) á hæð að innan, en þar sem *naustið* var að mestum hluta var grafið niður í jörðina, þá stóðu veggirnir bara lítið eitt upp úr jörðinni. Stafnveggur *i* tengist kletthöfðanum *j*. Milliveggurinn *c* var 2.44 m. breiður og 1.52 m. hár *naust* megin. Hann var byggður úr steinum með þunnu lagi af jarðvegi á milli. *d* hlýtur að vera *skáli* Flóka. Lengd hans var aðeins hægt að áætla, 14.64 m. þar með taldir veggir *e, f*. Veggirnir fjórir, *e, f, g, h*, eru óljósir, en þeir virðast hafa verið byggðir úr steinum (kannski með jarðvegi á milli). Línan *qq* er þversnið af ósnertri jörð, og lína *xx* er sama lína eftir uppgröft á naustinu...

(N. B. – Hæðin á hluta *qq* samsvarar algjörlega breiddinni á tóftinni andspænis. *l* er skálinn, *m* er milliveggurinn, *n* er botninn á naustinu, *o* er ytri norðurveggurinn, *c* og *b* sýna hæð veggjanna, og *p* botninn eftir uppgröftinn.)” (Thorsteinn Erlingsson 1899: 87-88. Þýðing höf.)

Kristján Eldjárn skoðaði þessar tóftir oft en einu sinni, og í bréfi sem liggur í friðlýsingarskjöllum á Þjóðminjasafni Íslands, efast hann um að þessar rústir séu eins gamlar og margair telja. Rökstyður hann það með því að hvorki í Sturlubók né Styrmissbók sé minnst á Flókatóftir, heldur sé það einungis gert í Hauksbók sem skrifur sé um 1300. Einnig segir hann að Árni Magnúson hafi talið tóftirnar því líkastar að þær væru búðir þýskra kaupmanna. (Kristján Eldjárn 1979)

Samkvæmt Einar Guðmundsson, bónda að Seftjörn við Brjánslæk, þá var bærinn Grund byggður í kringum 1900 og var búseta þar þangað til um 1930. Naustið var síðan hlaðið af föður Einars í kringum 1940.

#### **Rannsókn 20. - 21. september 2004**

Við mættum á Brjánslæk um klukkan 17.30 með Breiðafjarðarferjunni Baldri. Gengum við um svæðið og skoðuðum tóftirnar. Rissuðum við upp svæðið og ákváðum að gera prufuskurði í rúst 1, 4, og 6. Um kvöldið hreinteiknuðum við síðan yfirlitsteikningu af svæðinu.




Mynd 6. Tóft 6.



Daginn eftir ákváðum við að byrja á tóft 6. Sigurður Vigfússon segist hafa grafið 3 grafir í tóft 6, og sáust að minnsta kosti tvær þeirra. (Sjá mynd 4).

## Snið í rúst 6.

Kristinn Magnússon



Mynd 7. Snið í tóft 6.



Mynd 8. Snið í tóft 6.

Var ákveðið að grafa í eina af gröfum Sigurðar, í u. m. b. miðri tóftinni. Ekkert kom þó í ljós nema sótlag sem var mjög ofarlega. Einnig var bagalegt að holurnar sem Sigurður skildi eftir höfðu verið notaðar sem ruslaholur.

Allt eru þetta frekar einsleit lög, en ekki fannst vottur af gólfi, sem er sérstakt miðað við lýsingu Sigurðar, en hann segist hafa fundið allstaðar mikið af viðarkolaösku og viðarkolabútum.

Að þessu loknu var ákveðið að að grafa profuskurð í tóft 4.


## Rúst nr. 4.

Kristinn Magnússon

Flatarteikning holu á u. m. b.

1 m. dýpi miðað við efri brún veggja.

Tekin að hluta til í vegghallanum sem skýrir mun á dýpi í A og V hluta.



Snið ekki teiknað - einkenndist af lagskiptum moldarlögum milli grasrótarinnar og yfirborðsins þar sem steinarnir lágu. Ekki farið dýpra, þótt ekki væri komið niður í óhreyft. Sýni tekið úr viðarkolalaginu til aldursgreiningar.

50 sm.

Mynd 9. Flatarteikning af profuskurði í tóft 4.


Á um 80 sentimetra dýpi kom í ljós gólflag með mikið af viðarkolabútum. Í austurvegg skurðsins kom í ljós hleðsla með mikið af sóti og viðarkolabútum í kring, sem gæti bent til

Þess að um eldstæði væri að ræða, aldrei að vita nema þarna sé seyðurinn sem Landnáma talar um. Tókum við sýni sem verður sent til aldursgreiningar. Að lokum var ákveðið að grafa einn prufuskurð í tóft 1, suðurhluta. Erfitt var að sjá nokkuð í yfirborði þar sem tóftin er mjög þýfð eftir rannsóknir Sigurðar.



Mynd 10. Tóft 1

Prufuhola í rúst 1, suðurenda.  
Magnús A. Sigurðsson



Mynd 11. Snið- og flatarteikning af prufuholu í tóft 1.

Grafin var lítil hola, 0,5 x 0,5 metrar að stærð og um 0,5 metra djúp. Lítið markvert kom í ljós nema móöskuflekkir neðarlega í holunni. Engar viðarkolaleifar fundust.

### **Niðurstöður**

Auðséð er að þarna er um fornar tóftir að ræða, en hvort þetta eru tóftir Flóka Vilgarðssonar er ómögulegt að segja um að svo stöddu. Þó má álykta að þessar tóftir hafa verið orðnar fornar strax um 1300 þegar Hauksbók var rituð. Líklega má telja að Sigurður Vigfússon og Þorsteinn Erlingsson hafi haft rétt fyrir sér þegar þeir tala um tóft 6 sem skála og tóft 5 sem naust. Tóft 4 sem þeir vilja meina að sé forn seiður er líklega fornt jarðhýsi, en hversu gamalt það er verður vonandi svarað þegar niðurstaða fæst úr aldurgreiningu.

Tóftir 2 og 3 gætu mjög sennilega verið gömul naust, sem gætu þá tengst tóft 1, sem margt bendir til að sé yngri en tóftir 4, 5, og 6. Lagið á henni bendir til þess að þarna gæti verið um verbúð að ræða.

Allt eru þetta getgátur sem þyrfti þó að sannreyna með ítarlegri rannsókn og/eða uppgrefti, og það væri vel til fundið ef heimamenn stæðu fyrir því.

## Heimildir

Kålund, P.E. Kristian 1985. *Íslenskir sögustaðir II*. Reykjavík.

*Íslendingabók Landnámabók* 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík.

Sigurður Vigfússon: Rannsóknir í Breiðafirði 1889. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893*. Reykjavík. 9-15.

Thorsteinn Erlingsson 1899. *Ruins of the saga time: being an account of travels and explorations in Iceland in the summer of 1895*. New York.

## Óbirt

Kristján Eldjárn 1979. 8. *Flókatóftir á Brjánslæk*. Skjalasafn Þjóðminjasafns Íslands. Friðlýstar minjar.